

Hafnarfirði, 4. maí 2020

Efni: Skólastarf í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar eftir 4. maí 2020, að afléttu samkomubanni

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn 4. maí á öllum starfsstöðvum skólans og kennt verður til og með 26. maí.

Almenn tilmæli um kennslu með nemendum 16 ára og yngri.

1. Kennsla

Kennsla verður með venjubundnum hætti og á það líka við um hótíma.

Fjarkennsla getur áfram verið valkostur eftir því sem hentar og við á.

Æfingar hljómsveita/samspil getur hafist að nýju.

Kennarar geta kennt í fleirum en einum skóla en skulu ekki fara á kaffistofu starfsmanna viðkomandi grunnskóla og skulu gæta ýtrustu sóttvarna í allri umgengni.

2. Viðkvæmir hópar

Starfsfólk og börn með kvef- eða flensueinkenni komi ekki í skólann.

3. Almennar sóttvarnarráðstafanir

Áfram skal gætt hreinlætis í allri umgengni um húsnæði og í samskiptum.

Fullorðnir skulu halda 2 metra fjarlægð sín á milli eins og aðstæður leyfa.

Ekki er heimilt að fleiri en 50 fullorðnir komi saman í sama rými.

Nemendur þvo hendur fyrir tímana. Hljómborð, statív og hurðahúnar sprittaðir eftir hvern tíma.

Handspritt verða í öllum kennslustofum skólans.

Mikilvægt er að allri smitgát sé viðhaldið, sérstaklega í sameiginlegum rýmum sem margir nýta s.s. salerni og kaffistofur.

4. Foreldrar

Foreldrar komi ekki inn á vettvang tónlistarskólans nema nauðsynlegt sé.

(dæmi Suzukiforeldrar)

Fundir með einstaka foreldrum eru heimilir ef hægt er að fylgja viðmiðum um smitgát

5. Suzuki kennsla.

Foreldrum suzukinemenda er heimilt að sitja kennslustundir.

Sérstakrar aðgátar skal gætt í Suzuki námi og virða þá fjarlægðarmörk milli fullorðinna.

6. Tónleikar

Kennarar haldi tónfundi sinna nemenda án foreldra/forráðamanna. Skoða þarf möguleika að taka upp eða beinstreyma tónfundunum.

Engir vortónleikar verða haldnir á vegum skólans.

7. Próf

Engin vorpróf fara fram en allir nemendur fá ítarlega umsögn á School arcive.

Öll áfangapróf sem búið er að sækja um fari fram.

Framhaldsprófstónleikar nemenda sem eru að ljúka framhaldsprófi fari fram, en án áheyrenda. Beðið er eftir nánari skýringum á þessu eða hvort mögulegt sé að tónleikar fari fram utan húsnæði skólans og þá með áheyrendum.

8. Skólaslit

Áætlað er að skólaslit verði haldin með eingöngu þátttöku nemenda sem klára áfangapróf (grunn- mið og framhald) auk foreldra. Hámarksfjöldi er 50 manns.

Millipróf verða send í pósti eða afhent nemendum í síðasta kennslutímanum.

Vormatið verður á school arcive.

9. Nemendur eldri en 16 ára

Kennsla með tónlistarnemendum sem eru eldri en 16 ára gildir túlkun MRM, þ.e. eins og um framhaldsskólanemendur væri að ræða. Er þá 2ja metra reglan mikilvæg.

Óheimilt er að blanda saman nemendum eldri en 16 ára við þau yngri nema með 2 metra reglunni.

Nemendur 16 ára og eldri geta spilað á tónleikum með yngri nemendum með því að halda 2 metra reglunni.



10. Önnur starfsemi í skólanum (kórar, hljómsveitir)

Forðast skal að gestir og aðrir utanaðkomandi noti vinnuástöðu, kaffistofu og salerni starfsmanna skólans. Gæta skal fyllsta hreinlætis.

Eiríkur Stephensen

Skólastjóri tónlistarskóla Hafnarfjarðar.